

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Sudurmúlasýslu um skifting Reyðarfjarðarhrepps í þrjú sveitarfjelög. 49

25. maí

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 25. f. m., hafa stjórnarráðinu borist skjöl viðvikjandi skiftingu Eskifjarðarkauptúns úr Reyðarfjarðarhreppi ásamt meðmælum sýslunefndar með skiftingunni. Ennfremur fylgdi brjefi þessu erindi frá hreppsnefndinni í Reyðarfjarðarhreppi, þar sem hún fer fram á, að þeim hluta hreppsins, sem verður eftir, þegar Eskifjarðarkauptún er orðinn hreppur fyrir sig, verði skipt í tvö hreppsfjelög og hefir sýslunefnd einnig mælt með því, að þessi skifting verði leyfð.

Útaf þessu skal hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Reyðarfjarðarhreppi í Sudurmúlasýslu skal skift í þrjú sveitarfjelög, þannig að svæðið frá takmörkum Fáskrúðsfjarðarhrepps og hins núverandi Reyðarfjarðarhrepps að Bleiksá verði hreppur fyrir sig og haldi nafninu *Reyðarfjarðarhreppur*, að svæðið frá Bleiksá að Ytri-Mjóeyrarvík (fyrir utan Mjóeyri) og beinni línu þaðan til fjalls verði hreppur sjer og nefnist *Eskifjarðarhreppur*, og að svæðið frá Ytri-Mjóeyrarvík og línunni þaðan að takmörkum Norðfjarðarhrepps og hins núverandi Reyðarfjarðarhrepps verði hreppur útaf fyrir sig og nefnist *Helgustaðahreppur*.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Reyðarfjarðarhrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hins nýja Eskifjarðarhrepps og hins hluta hins núverandi Reyðarfjarðarhrepps, að í hlut Eskifjarðarhrepps komi $\frac{10}{21}$ hlutar, en í hlut hins hreppshlutans $\frac{11}{21}$ hlutar, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna til að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hins nýja Eskifjarðarhrepps og hins hluta hins núverandi Reyðarfjarðarhrepps.

Þeim $\frac{11}{21}$ hlutum, sem að framan getur, skal skift þannig milli hins nýja Reyðarfjarðarhrepps og Helgustaðahrepps, að í hlut Reyðarfjarðarhrepps komi 6,5 og í hlut Helgustaðahrepps 4,5. Þó skal sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna til að koma, skift þannig milli hinna nýnefndu hreppa:

- a. Ómögu n og þurfalingum skal framfleytt af þeim hreppnum, sem þeir eru fæddir í, svo framarlega sem þeir ekki hafa unnið sjer hrepp samkvæmt því, sem á eftir segir.
- b. Hafi ómagi eða þurfalingur unnið sjer sveit í öðrum hvorum hinna nýju hreppa áður en skiftin fóru fram, skal sá hreppur framfleyta honum.
- c. Nú hefir ómagi eða þurfalingur ekki dvalið nógu lengi í öðrum hvorum hreppnum til þess að verða sveitlægur þar, en dvalið samtals í báðum hreppum svo lengi, að hann hefði unnið sjer sveit í hinum forna hreppi, þá skal honum framfleytt af þeim hreppnum, er hann hefir dvalið lengur í, en hafi hann dvalið jafnlengi í báðum hreppum, þá skal honum framfleytt af þeim hreppnum, er hann síðast dvali í.

49
25. maí

- d. Þeim íbúum hins umrædda hluta hins núverandi Reyðarfjarðarhrepps, sem heimilisfang hafa þar, þegar skiftin fara fram og hafa ekki áður þegið af sveit en verða styrksþurfar eftir að skipin fara fram, skal framfleytt í þeim hinna nýju hreppa, sem þeir eiga heimilisfang í þegar skiftin fara fram.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í öllum þremur nýju hreppunum, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hverjum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreingur út af skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, sem einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Reyðarfjarðarhreppi sem dómpinghá nje manntalsþinghá.

50
10. maí

Reglugjörð

um breyting á 8. gr. í reglugjörð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu um eyðing refa, fjallskil, rjettahöld o. fl. frá 21. júní 1906.

8. gr. orðist þannig:

Enginn má ala upp yrðlinga, nema skotmenn, sem hreppsnefnd hefir ráð ið, þó ekki lengur en til júlímánaðarloka. Ef yrðlingur er alinn lengur og honum slept úr gæslu, varðar það 50 kr. sekt. Þó má sýslunefnd veita undanþágu frá fyrri lið greinarinnar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14 frá 22. mars 1890 og nr. 36 frá 24. nóv. 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1907.

Í stjórnarráði Íslands, 10. maí 1907.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.